



Heilbrigðisráðuneytið  
b.t. Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Búðardal 24. júlí 2020  
*Mál nr. 1910017*

**Efni: Ósk um að Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún í Dalabyggð fái heimild fyrir tveimur hvíldarinnlagningaráplássum og einu dagvistarplássi til viðbótar. Einnig er óskað eftir afstöðu ráðherra til beiðni Dalabyggðar um að Heilbrigðisstofnun Vesturlands taki við rekstri Silfurtúns.**

Fulltrúar Dalabyggðar áttu þann 20. febrúar 2019 fund með heilbrigðisráðherra um fjárhagsstöðu Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns í Dalabyggð, m.a. um möguleika á fleiri hjúkrunarrýmum. Endurteknir útreikningar hafa sýnt að ef tveimur hjúkrunarrýmum yrði bætt við á Silfurtúni myndi rekstur heimilisins vera í kringum nállið.

Í framhaldi af fundinum, í samræmi við það sem þar kom fram, sendi Dalabyggð 10. apríl 2019 erindi til heilbrigðisráðuneytisins þar sem óskað var eftir fjölgun hjúkrunarrýma á Silfurtúni um tvö og jafnframt eftir leyfi fyrir einu dagvalarrými á heimilinu.

Erindi Dalabyggðar var svarað 8. maí 2019 þar sem farið var fram á að skoðað yrði mögulegt samstarf Silfurtúns við hjúkrunarheimilið Fellsenda áður en erindinu yrði svarað. Með það veganesti frá heilbrigðisráðherra ákváðu hjúkrunarheimilin tvö að gera slíka athugun og var Guðmundur Jóhannsson viðskiptafræðingur og fyrrverandi framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilins Skógarbæjar fenginn til að vinna þá úttekt. Útgangspunkturinn var að treysta í sessi starfsemi hjúkrunarheimilanna, þannig að þau yrðu áfram starfandi en kannað yrði hvort hægt væri að reka þau með hagkvæmari og skilvirkari hætti en nú.

Niðurstöður Guðmundar um mögulega samþættingu eða samnýtingu hjá Silfurtúni og Fellsenda voru þær að nú þegar hefðu heimilin gert með sé samstarfssamning um samnýtingu hjúkrunarfræðinga á bakvöktum en önnur samnýting á starfsmönnum væri takmörkuð sem skýrist m.a. af því að tryggja þarf lágmarksmönnun á hvorum stað fyrir sig og nokkur vegalengd er á milli heimilanna. Samnýtingu væru því takmörk sett af þeim ástæðum.

Hins vegar taldi Guðmundur möguleika á að samnýta starfsmenn í ákveðnum verkefnum, svo sem sjúkraþálfun og umsjón fasteigna. Slík samvinna gæti bætt fagleg gæði þjónustunnar en kæmi ekki til með að bæta rekstrarhagkvæmni heimilanna.

Þá skoðaði Dalabyggð samrekstur mótneyta Silfurtúns og leik- og grunnskóla. Niðurstaða þeirrar skoðunar var að ekki næðist sparnaður úr slíkum samrekstri.

Á 187. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 13. febrúar 2020 lagði stjórn Silfurtúns til við sveitarstjórn að leita eftir því við Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVe) að stofnunin tæki við

rekstri Silfurtúns. Var þeirri beiðni í framhaldinu komið á framfæri við HVe. Þann 20. maí 2020 barst svar Jóhönnu F. Jóhannesdóttur forstjóra HVe þar sem beiðni Dalabyggðar var hafnað.

Um árabil hefur Silfurtún verið rekið með miklum halla, oft um sem samsvarar u.þ.b. 3% af tekjum Dalabyggðar á ársgrundvelli. Rekstrarniðurstaða A-hluta ársreiknings Dalabyggðar 2019 var neikvæð um 220 milljónir króna sem skýrist af því að verið var að færa niður framlag sveitarfélagsins vegna hallareksturs Silfurtúns undanfarinn áratug.

Silfurtún, með 10 hjúkrunarrými og tvö dvalarrými, er of lítil eining til að reksturinn sé í jafnvægi, þrátt fyrir smæðarálag gengur dæmið ekki upp. Það þarf hins vegar ekki mikið til að bæta úr þessari stöðu. Eins og áður hefur komið fram þyrfти tvö hjúkrunarrými til viðbótar til að reksturinn gengi nokkurn veginn upp. Silfurtún hefur pláss í húsnæði sínu fyrir viðbótar hjúkrunarrými og ætti ekki að gjalda fyrir úthlutun á rýmum til annarra hjúkrunarheimila sem staðsett er í öðrum sveitarfélögum þó þau séu í sama heilsugæsluumdæmi eða Fellsenda (Dalabyggð) sem er mjög sérhæft hjúkrunarheimili þar sem búa einstaklingar með alvarlegar geðraskanir og koma fyrst og fremst frá eftir dvöl á geðsviði Landsspítala (öll rýmin á Fellsenda eru skilgreind sem hjúkrunarrými). Staðan núna er að það er biðlisti eftir að komast að á Silfurtúni og ekkert bendir til annars en að hann muni lengjast.

Aldurssamsetning íbúa er vísbending um að eldri borgarar í Dalabyggð muni verða fleiri á komandi árum. Það hlýtur að teljast réttmætt að öldruðum sé tryggð búseta á hjúkrunarheimili í heimabyggð þegar heilsa og aðstæður krefjast þess.

Allnokkur hjúkrunarheimili á Íslandi eru rekin af heilbrigðisstofnunum ríkisins. Þar er því um að ræða verulega mismununun á milli sveitarfélaga sem leggst þyngst á fámenn sveitarfélög með minni einingar. Á starfssvæði HVe eru tvö hjúkrunarheimili rekin af stofnuninni í tengslum við heilsugæslustöðvar, þ.e. á Hvammstanga og Hólmavík. Einnig eru mörg dæmi um slíkt á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

Með bréfi þessu er ítrekuð ósk um fjölgun hjúkrunarrýma á Silfurtúni um tvö og eitt dagdvalarrými. Ljóst er að ekki er rekstrarhagræðing fólgin í frekara samstarfi við Fellsenda. Hins vegar telur Dalabyggð að umtalsverð hagræðing geti falist í samrekstri með HVe.

Þá óskar Dalabyggð eftir formlegri afstöðu heilbrigðisráðherra til erindis Dalabyggðar til HVe um að stofnunin taki við rekstri Silfurtúns

Virðingarfullst,  
f.h. Dalabyggðar

  
Kristján Sturluson  
Sveitarstjóri

